

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Akranesi Akranes



Dags eftirlits	5.7.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Brim Akranesi	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbraut 2-4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	350582,068 427101,867

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Styrkur COD í mælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum skv. starfsleyfi. 2) Styrkur svifefna í mælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum skv. starfsleyfi. 3) Grænu bókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2021 né 2022. 4) Útstreymisbókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2021 né 2022. Tvær ábendingar voru gerðar. 1) Rekstraraðila er bent á að geyma efni þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. 2) Tryggja þarf að réttar og fullnægjandi upplýsingar berist eftirlitsaðila. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Brims á Akranesi. Eftirlitið var tvískipt og fólst annars vegar í vettvangsferð 5. júlí og hins vegar rafrænum fundi þann 6. júlí.

Brim er með starfsleyfi sem var gefið út þann 4.12.2013 og gildir til 4.12.2029. Samkvæmt starfsleyfinu er rekstraraðila heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

### 5. júlí – Vettvangsferð

Gengið var um húsnæði og lóð verksmiðjunnar. Litla verksmiðjan var í gangi en engin vinnsla í stóru verksmiðjunni.

Snemma í sumar barst Umhverfisstofnun ábending um mengun í sjónum sem mátti, a.m.k. að hluta, rekja til frárennslis verksmiðjunnar. Gengið var að frárennslisröri verksmiðjunnar og kom ekkert athugasemdir í ljós. Niðurstöður frárennslismælinga sem voru gerðar í vor, voru ræddar.

Efnavara er geymd á nokkrum stöðum og er rekstraraðila bent á að geyma efni þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við umgengni.

### 6. júlí – Rafrænn fundur

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál

### 1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Niðurstöður frárennslismælinga árið 2022 sýndu að styrkur bæði svifefna og COD var yfir þeim mörkum sem koma fram í starfsleyfi. Niðurstöður mælinga sem voru gerðar í mars 2023 sýndu að COD var mun hærra en árið áður en styrkur svifefna talsvert lægri, en þó talsvert yfir leyfilegum mörkum. Talið er að bilun hafi komið upp þegar sýnin voru tekin og því var sýnataka og mælingar endurteknar í apríl 2023. Þá mældist COD enn yfir mörkum en styrkur svifefna var innan heimilaðra marka.

Eins og áður kom fram, barst Umhverfisstofnun, snemma í sumar, ábending um lit sjónum sem mátti rekja, a.m.k. að hluta, til frárennslis verksmiðjunnar. Rætt var um mögulegar leiðir til að frárennslis

verksmiðjunnar standist þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfi.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)

Grænu bókhaldi fyrir árið 2020 var skilað á réttum tíma en grænu bókhaldi fyrir árin 2021 og 2022 var skilað of seint. Hið sama gildir um skil á útstreymisbókhaldi, þ.e. að því var skilað á réttum tíma fyrir árið 2020 en of seint fyrir árin 2021 og 2022.

Niðurstöðum frárennslismælinga var skilað fyrir árin 2022 og 2023, hins vegar var það lítið unnið í verksmiðjunni árið 2021 að ekki náðist að mæla frárennslíð.

TVN mælingum hefur reglulega verið skilað til eftirlitsaðila.

Nokkuð eru um að misræmi sé í upplýsingum sem berast eftirlitsaðila eða að upplýsingar séu ekki fullnægjandi og er ábending gerð um að bæta úr því.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera mengun í jarðvegi á starfsvæði rekstraraðila.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Talsverðar mannabreytingar eru framundan hjá verksmiðjunni og óskar eftirlitsaðili eftir að fá sendar upplýsingar um nýjan tengilið þegar þær liggja fyrir.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.17 í starfsleyfi	Styrkur COD í frárennslismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum.
gr. 2.17 í starfsleyfi	Styrkur svifefna í frárennslismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2021 né 2022.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið  
2021 né 2022

## ÁBENDINGAR


Tvær ábendingar voru gerðar.

- 1) Geyma skal efni þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.
- 2) Gæta þarf að því að réttar og fullnægjandi upplýsingar séu sendar eftirlitsaðila: a) Nokkuð er um misræmi í upplýsingum um unnið magn annars vegar í TVN skýrslum og hins vegar skýrslum um frárennismælingar. b) Ekki er fullt samræmi í TVN skýrslum og skýrslum um frárennismælingar um hvaða tegund, og hversu mikið magn, var unnið hvern dag. c) Mælingar eða áætlun á innrennslisraða á sjó vantar í skýrslu um frárennismælingar.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2023

  
Freyr Evarsson

